

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins um aðgerðaskjal með stefnu í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaráætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma aðgerðarskjali með stefnu.

Greinargerð:

Lögð er fram stefna Reykjavíkurborgar í málefnum fullorðins fatlaðs fólks fyrir tímabilið 2026–2036. Stýrihópur tók til starfa í október 2025 og var markmið hópsins að móta stefnu í málaflokki fatlaðs fólks, ná fram framtíðarsýn og forgangsraða verkefnum. Stefnan tekur við af fyrri stefnu borgarinnar (2014–2024) og byggir á gildandi lögum, velferðarstefnu borgarinnar og alþjóðlegum skuldbindingum, þar á meðal samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Stefnan er mikilvægur liður í áframhaldandi þróun þjónustu við fatlað fólk og miðar að því að efla sjálfstæði, þátttöku og lífsgæði með skýrum og markvissum aðgerðum. Stefnan var unnin í nánú samráði við hagsmunaaðila. Í stýrihópi áttu sæti fulltrúar helstu samtaka fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka, þar á meðal ÖBÍ réttindasamtök, Geðhjálp, Landssamtökin Þroskahjálp og NPA miðstöðin. Með þátttöku þeirra var leitast við að tryggja að sjónarmið og reynsla fatlaðs fólks og aðstandenda væru leiðarljós við mótun stefnunnar. Jafnframt var stefnan kynnt í opnu samráði þar sem kallað var eftir umsögnum frá almenningi og hagaðilum. Alls bárust 12 umsagnir sem stýrihópurinn fór yfir og hafði til hliðsjónar við endanlega mótun stefnunnar.

Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi á eigin forsendum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Lögð er áhersla á mannréttindi, jafnræði, valdeflingu og einstaklingsmiðaða þjónustu sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum.

Stefnan byggir á fimm megináherslum:

1. Stuðningi sem er sveigjanlegur, faglegur og miðar að auknu sjálfstæði og þátttöku.
2. Búsetu og húsnæði sem styður sjálfsákvörðunarrétt og tryggir fjölbreytt búsetuform.
3. Sjálfstæðu lífi þar sem fatlað fólk hefur raunverulegt vald yfir eigin lífi og þjónustu.
4. Aðgengi í víðasta skilningi, bæði að umhverfi, þjónustu og upplýsingum.
5. Atvinnumálum sem stuðla að fjölbreyttum og sveigjanlegum tækifærum til vinnu og virkni.

Í stefnunni eru lagðar fram aðgerðir sem miða að því að bæta þjónustu, auka framboð húsnæðis, efla aðgengi og stuðla að aukinni þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði.

Sérstök áhersla er lögð á nýtingu velferðartækni, fræðslu til starfsfólks og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök.

Jafnframt er viðurkennt að biðlistar eftir þjónustu og húsnæði séu áskorun og lögð áhersla á aðgerðir til að mæta þeim vanda. Gert er ráð fyrir að stefnunni verði fylgt eftir með aðgerðaáætlun þar sem fram koma forgangsröðun, tímasetningar og ábyrgðaraðilar.

Um aðgerðaráætlun og kostnaðarmat

Ekki er lögð fram tímasett og kostnaðarmetin aðgerðaráætlun samhliða stefnunni. Stýrihópurinn lagði áherslu á að móta heildstæða stefnu og skilgreina megináherslur og aðgerðir á stefnumarkandi stigi, fremur en að útfæra ítarlega aðgerðaráætlun á sama tíma.

Samhljómur var innan stýrihópsins um að aðgerðaáætlun ætti að taka til skemmri tíma en stefnan sjálf, sem nær yfir tíu ára tímabil. Með því móti skapast betri forsendur til að bregðast við breyttum aðstæðum, þörfum notenda og forgangsröðun.

Lagt er því til að skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði verði falið að vinna tímasetta og kostnaðarmetna aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra áherslna og aðgerða sem fram koma í stefnunni. Við þá vinnu verði lögð áhersla á skýra forgangsröðun, skilgreiningu ábyrgðaraðila og raunhæfa tímasetningu aðgerða, í samræmi við fjárhagsramma og þróun þjónustunnar hverju sinni.

Með þessari nálgun er tryggt að stefnan haldi stefnumarkandi gildi sínu til lengri tíma, á sama tíma og aðgerðaáætlun verður lifandi verkfæri sem hægt er að endurskoða og uppfæra reglulega í takt við þarfir og aðstæður.